

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 3-2015

Tími: Fimmtudagur 19. mars 2015, kl. 10:00, Fundarsalur Akur, Hvanneyri/Nautaflatir, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor (einungis 2. liður), Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor og varaformaður (stýrði fundi í 1. lið og ritaði fundargerð), Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Guðni Þorvaldsson, Þórdís Þórarinsdóttir. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi.

1. Ráðning nýs rektors

Ásgeir Jónsson, formaður valnefndar, var gestur fundarins. Hann kynnti álit valnefndar um starf rektors við Landbúnaðarháskóla Íslands. Háskólaráð móttók álit og gerði ekki athugasemdir við það.

Ákveðið að næstu skrefi í málinu yrðu eftirfarandi:

- ✓ Álit valnefndar verður sent öllum umsækjendum og óskað eftir andmælum innan þriggja vikna frá því að álit er sent út.
- ✓ Samið verði við Ágústu Gústafsdóttur mannauðsráðgjafa um að kalla eftir viðhorfum meðmælenda um tvo hæfustu umsækjendurna að mati valnefndarinnar.
- ✓ Óska eftir fundi með Ágústu þar sem hún gerir grein fyrir niðurstöðum viðtala sinna við meðmælendur og skýri jafnframt frekar niðurstöður viðtala við umsækjendur sem hún stýrði á vegum valnefndar.

Í framhaldinu verður hugað að því hvort ástæða sé til þess að boða fund með starfsmönnum þar sem umsækjendur geti kynnt sjónarmið sín og framtíðarsýn fyrir skólann.

2. Kynning á nefndarstarfi um aukið samstarf/samrekstur Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Háskólans á Bifröst

Rektor gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum og aðkomu að starfi nefndarinnar. Hann benti á að hann hefði fengið umboð háskólaráðs til þess að „skoða fjárhagslegan og faglegan ávinning af **aukinni samvinnu/samrekstri**“ skólanna þriggja. Í skipunarbréfi starfshópsins kæmi hins vegar fram að honum væri ætlað að „skoða fjárhagslegan og faglegan ávinning af **sameiningu**“ skólanna þriggja. Hann liti svo á að hann hefði ekki umboð ráðsins til þess að fara í slíka vinnu. Hann mun þó taka þátt í vinnu starfshópsins en jafnframt hvetja til opinberrar umræðu um háskólamálefni eftir því sem kostur er.

3. Næstu fundir ráðsins

Stefnt er að því að halda fund fljótlega og festa fundartíma fyrir reglulega fundi. Þetta verður afgreitt í tölvupósti.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.